

45. fundur Svæðisráðs Suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 25. febrúar 2016 kl. 11:00.

Mættir: Björn Ingi Jónsson, Sigurlaug Gissurardóttir, Hugu Harpa Reynisdóttir, Snævarr Guðmundsson, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Guðrún Inga Bjarnadóttir, einnig þjóðgarðsstarfsmennirnir: Helga Árnadóttir sérfræðingur á Höfn og Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Lög um Vatnajökulspjóðgarð
2. Atvinnustefna
3. Stjórn og Verndaráætlun
4. Samningar við landeigenda
5. Öryggi ferðamanna
6. Starfssemin 2016
7. Kayakferðir á Heinabergslóni
8. Fundartími svæðisráðs Suðursvæði
9. Önnur mál

Björn Ingi fór yfir hvaða gögn hefðu verið send út og hvað lægi fyrir fundinum.

1. Lög um Vatnajökulspjóðgarð: Farið var yfir lögina með breytingum grein fyrir grein.

I kafli. Engar athugasemdir við 1. og 2. grein.

Athugasemdir við 3. grein. Þar segir að gerður skuli samningur við ráðherra. Tryggja skal aðkomu stjórnar og viðkomandi svæðisráðs að gerð samninga.

II kafli. 4. grein, allir sammála um að breytingar séu til bóta.

5. grein. ekki athugasemd.

6. grein, hlutverk stjórnar. Nokkuð var rætt um orðalag varðandi það hlutverk stjórnar „að gera tillögu“ að stjórnunar- og verndaráætlun, þar sem hún hefur nú þegar tekið gildi..

Liður 7. Fram kom vilji til þess að stjórn sjái um ráðningu framkvæmdastjóra, en hann sé ekki skipaður í embætti af ráðherra.

Liður 9. Ef liður 8 er vel unninn þarf ekki lið níu. Tillaga um að fella hann út.

7. gr. Svæðisráð. Engar athugasemdir.

8. gr. Hlutverk svæðisráða.

Athugasemd um að bæta inn í 1 lið að svæðisráð eigi að vera með ákveðna stefnumótun í málefnum þjóðgarðsins.

2 liður . hafa yfirumsjón með endurskoðun, viðhaldi og þróun stjórnunar og verndaráætlunar.

Sterkar verði kveðið á um hlutverk svæðisráða vegna eftirfylgni með atvinnustarfsemi og atvinnustefnu.

4 liður. Þjóðgarðsverðir verða ráðnir eftir tilnefningu svæðisráðs til stjórnar. Ekki framkvæmdastjóra.

8 gr.b, Stjórn ráði framkvæmdastjóra en verði ekki skipaður af ráðherra.

8. gr.c, hlutverk framkvæmdastjóra.

2. liður, í stað“ fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt“ komi „í samræmi við fjárhagsáætlun“

5. liður. nákvæmlega sama og hlutverk þjóðgarðsvaraða, hvernig á verkaskipting að vera þarna á milli.

Eða bæta við, í samstarfi við þjóðgarðsvörð og svæðisráð á viðkomandi svæði þar sem við á.

Fundarmenn sammála um að fyrstu tvær greinarnar ættu að standa áfram og 6 liður yrði nr. 3. Í erindisbréfi frá stjórn kæmi fram nánari verklýsing.

9. grein. þjóðgarðsverðir.

1. liður væri óbreyttur. Lögð áhersla á að það væru tveir þjóðgarðsverðir á suðursvæði.
10. grein. Hlutverk þjóðgarðsvarða.
Gerð athugasemd við að þjóðgarðsvörður þurfi að ráða annað starfsfólk í samráði við framkvæmdastjóra. Lagt til að taka út að það sé í samráði við framkvæmdastjóra.
6. liður og svæðisráð.
7. grein, hvaða leyfi er þarna verið að ræða um, eru þetta bara rannsókn og kvikmyndaleyfi. Ath kemur fram í 15. gr. hvaða leyfi er verið um að ræða.
11. grein, Hlutverk Umhverfisstofnunar. Er þessi samstarfssamningur til og er ástæða til að hafa þetta inni þarna?

III kafli. 12. Gr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Spurning með hvort á að binda vinnu við tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun við UST og náttúrufræðistofnun heldur aðeins að leitað verði til viðeigandi fagstofnana ríkisins eftir atvikum. Spurt hvort hægt væri að óska eftir að ákveðnir þættir stjórnunar og verndaráætlun séu teknir til endurskoðunar ef um meiriháttar breytingar á starfsumhverfi þjóðgarðsins væri að ræða. Og í hvaða farveg það ætti þá að fara. Hvort hægt væri að setja slíkar breytingar í viðauka t.d.

13. grein.

3 liður falli út: þ.e. allir þeir sem fara um þjóðgarðinn og dvelja þar s.s.....

14. grein – ekki athugasemdir.

15. grein.

Samræmi í akstri á snævi þakinni **og** frosinni jörð, eða snævi þakinni **eða** frosinni jörð?

þarf að setja reglur um flughæð innan þjóðgarðsins.

15. Grein a. Samningur við þjónustuaðila:

Óheimilt er að reka starfsemi í þjóðgarðinum án samnings um slíka starfsemi við Vatnajökulsþjóðgarð.

Bæta við þjónustu.

15. gr. b. Setja skilyrði um skil á rannsóknarniðurstöðum. Einnig taka út að lokun verði að vera „í samráði við framkvæmdastjóra“.

16. og 17. Ekki athugasemdir.

18. grein. 2. Málsgrein. Ekki í samræmi við 15. grein um tilkynningaskyldu vegna lokunar.

19. og 20. Grein án athugasemda.

21. grein. gjaldtaka ath. 15 grein a. Að það verði heimilt að innheimta gjöld af þeim sem eru með atvinnustarfsemi, vantar heimildir um gjaldtöku fyrir það.

Ákveðið að geyma umfjöllun um Atvinnustefnu og Stjórnunar- og verndaráætlun til næsta fundar.

Næst var því tekinn fyrir fjórði liður á dagskrá:

4. Samningar við landeigendur.

Þjóðgarðsstarfsmenn kynntu hvernig staðið hefði verið að samningum um upplýsingagjöf við landeigendur og drög að breytingum á þeim. Samþykkt að fá landeigendur á næsta fund svæðisráðs og fá þeirra sjónarhorn á samninga þeirra við ríkið og samninga við Vatnajökulsþjóðgarð og senda svo áfram til stjórnar, afrakstur erindisins.

5. Öryggi ferðamanna.

Björn Ingi vísar m.a. í nýjar fréttir af hættuástandi sem skapast á áningarstöðum, t.d. í Reynisfjöru. Við höfum þannig aðstæður á mörgum stöðum á suðursvæði t.d. við Jökulsárlón, á Jökulsárlóni, við íshellana og á fleiri stöðum. Hvernig eigum við að bregðast við þessu? Á að auka við merkingar, loka svæðum... hvernig er hægt að vara fólk við.

Árdís kemur inn á fundinn, hefur verið að skoða þessi mál og tala við marga aðila vegna þess. Veltir því upp að það þurfi kannski að byrja á því að vara fólk við hættum sem það sér ekki endilega.

Hefur verið í sambandi við Jónas hjá Landsbjörgu og hann segist vera með 500 þúsund kr. styrk til skiltagerðar vegna aðvörunarskilta við Jökulsárlón. Þarf að vera afmarkað bílastæði þannig að fólk geti ekki keyrt niður í fjöru og ef skiltið væri staðsett þar ætti það að auka líkur á því að ferðamenn lesi það ef þarf að ganga framhjá því.

Hörður hjá stjórnstöðinni segir það forgangsverkefni að vinna í öryggismálum núna og þar eru íshellar í forgangi. Ekki verið haft samband við neinn hjá sveitarfélaginu eða þjóðgarðinum vegna þessarar vinnu þó íshelluferðir séu langmest á þessu svæði. Snævarr bendir á að hjá wow air sé risastór auglýsing með mynd af íshellum á vegum ríkisins. Árdís bendir á að þetta sé gott dæmi um hvaða kröfur eigi að gera um ábyrgð varðandi markaðssetningu og tekur dæmi af Jökulsárlóni þar sem æ ofan í æ eru að koma myndir, eða myndbönd þar sem fólk er að hoppa af ísjökum og dansa á þeim eða synda í lóninu.

Árdís minnst einnig á öryggi á vegum. Allsstaðar meðfram vegum eru bílar stopp til að taka myndir eða skoða norðurljós t.d. Bendir á þetta þurfi að vinna í samstarfi við vegagerðina og að það þurfi að senda ábendingar til stjórnstöðvarinnar um úrbætur í þessum málum.

7. Kayakferðir á Heinabergslóni.

Svæðisráð setur sig ekki upp á móti því að þarna verði kayakferðir í sumar, en bendir á að í vinnu við atvinnustefnu verði lagðar línur um hvar verði leyfilegt að vera með atvinnustarfsemi og hvernig starfsemi verði leyfð á hvaða svæði og því geti þessar forsendur breyst.

8. Fundartími svæðisráðs suðursvæðis.

Fundir verði að öllu jöfnu haldnir 3. fimmtudag hvers mánaðar.

Fundi slitið 16:10